

Jólafundur Gammadeildar haldinn miðvikudaginn 4. desember 2019
að heimili Gerðar, Breiðahvarfi 2 í Kópavogi

1. Formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Því næst var nafnakall en á fundinn voru mættir 24 félagar: Árný, Björk, Edda P., Gerður, Guðný, Helga G., Helga Th., Hertha, Hildur S., Ingibjörg Einarsd., Kristín J., Krístrún, Margrét, María, Pálína, Ragnhildur, Rannveig, Renata, Sigríður, Sigrún, Soffía, Stefanía, Svana og Vilborg.
3. Lesin var fundargerð síðasta fundar sem samþykkt var samhljóða.

4. Ingibjörg Einarsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún ræddi um foreldrasamstarf í grunnskólum og þá sérstaklega foreldrafélög. Hún rakti söguna frá 1980 þegar stofnuð voru foreldrafélög við ýmsa grunnskóla í Reykjavík. Áhugi skólafólks var mjög misjafn í byrjun en árið 1982 tóku formenn foreldrafélaga í Reykjavík sig saman og ári síðar eða 1983 voru stofnuð heildarsamtök foreldrafélaga í Reykjavík. Stjórn Samfoks skipti með sér verkum og hvatti alla foreldra og kennara til stofna foreldrafélag, sums staðar voru ekki góðar móttökur. Dæmi voru um að skólastjórar og kennarar brugðust afar illa við myndun foreldrafélaga en fjótlega breyttust þessi viðhorf og aukin samvinna jókst á milli foreldra og skóla og þá dró úr tortryggni.

Grunnskólinn var á þessum árum á ábyrgð ríkisins og því gátu umbætur í skólastarfi ekki beinst að sveitarfélaginu heldur að ríkinu. Fræðslustjórinn í Reykjavík, Áslaug heitin Brynjólfssdóttir studdi dyggilega við stofnun Samfoks á sínum tíma og var það ómetnalegt að eiga slíkan hauk í horni á upphafsárunum. Reynslan hefur sýnt og sannað að kennarar skólanna verða að taka frumkvæðið hvað varðar foreldrasamstarfið ef það á að ganga vel. Engu að síður taldi hún að foreldrar ættu að gera kröfur til skólans og saman ætti skólinn og foreldrar að byggja upp skólastarf þar sem börnin fengu að blómstra. Til þess að skólinn virki vel þá þarf að vera samhljómur milli allra aðila í skólasamfélaginu, þ.e. nemenda, foreldra og starfsfólks skólanna.

Að lokum bað Ingibjörg konur að syngja ljóðið sem hún færði Gammadeildinni á 40 ára afmælinu við lagið: *Ef hjá honum þabba einn fimmeyring ég fengi*. Hún fékk vin sinn Kristján Hreinsson til að aðstoða sig við að semja textann.

5. Formaður færði Helgu G. Halldórsdóttur rós og kort með ljóði eftir Önnu S. Snorradóttur í tilefni sjötugs afmælis hennar í nóv. s.l.
6. Jólabókin sem valin var þetta árið var bókin *Óstýrláta mamma mín... og ég* eftir Sæunni Kjartansdóttur. Sæunn byrjaði á að segja frá tilurð bókarinnar sem er um móður hennar sem hét Ásta Bjarnadóttir ættuð norðan úr landi. Hún var níunda í röð fimmtán systkina, fædd á Húsavík 1922. Átján ára gömul eignaðist hún barn sem hún fól foreldrum sínum en flutti sjálf til Bandaríkjanna. Þar átti hún í sambandi við 30 árum eldri ofursta sem hún hafði kynnst í „ástandinu“ í Reykjavík. Seinna giftist hún íslenskum manni og eignaðist með honum fjórar dætur en varð ung ekkja og gekk brösuglega að takast á við afleiðingar þess og ábyrgðina á ungum börnum.

Í þessari bók leyfir Sæunn Kjartansdóttir, sálgreinir og dóttir Ástu, minningunum að streyma fram í leit að skilningi á mömmu sinni; kryfur ástæður þess að svo glæsileg og hæfileikarík manneskja glímdi alla tíð við vanmetakennd og höfnunartilfinningu. Hvers vegna kom hún sér íðulega upp á kant við þá sem þótti vænt um hana? Og hvað leiddi til þess að litríka, erfiða og heillandi mamma hennar boðaði með fáheyrðum hætti dauðann á sinn fund? Hún ákvað 85 ára gömlu að hætta að borða og deyja með þeim hætti, tók þetta auðvitað mjög á bæði hana og fjölskylduna, en hún stóð

við sitt og kvaddi þennan heim ákveðin með að fara sínar eigin leiðir burt séð hvað öðrum fyndist eða þætti um þær. Miklar umræður urðu eftir lesturinn sem voru um margt bæði eftirtektarverðar og fróðlegar.

7. Formaður kynnti hvaða bækurnar hefðu orðið fyrir fyrir valinu fyrir bókmenntafundinn í janúar og sagði: „Að þessu sinni völdum við tvær bækur sem ætlaðar eru ungmennum, en þær eru *Nornin* eftir Hildi Knútsdóttur og *Fjallaverksmiðja Íslands* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, lektor við menntavísindasvið HÍ, verður gestur okkar og mun hún fylgja bókunum úr hlaði. Þið lesið aðra bókina eða báðar, allt eftir því sem þið kjósið”.
8. Jólasöngvar voru sungnir, slökkt á kertum og fundarmenn gengu út í kyrrláta desember kvöldstemninguna þar sem jólaljósín glitruðu í snjónum fyrir utan fallega húsið hennar Gerðar.

Fundi slitið kl. 22:00

Ritari Hildur Skarphéðinsdóttir